

Velferðarnefnd Alþingis

Alþingi

101 Reykjavík

Reykjavík 15. janúar 2018

Efni: Umsögn EAPN á Íslandi um frumvarp um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál)

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi og voru stofnuð í upphafi árs 2011. Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Lykilatriði í baráttu EAPN er virk þátttaka fólks sem lifir í fátækt. Í þeim tilgangi starfar Pepp á Íslandi innan EAPN á Íslandi sem samanstendur af fólki sem hefur sjálft upplifað fátækt og félagslega einangrun.

Aðildarfélögin eru Félag einstæðra foreldra, Hagsmunasamtök heimilanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg Landssamband hreyfihamlaðra, Velferðarsjóður Suðurnesja og Öryrkjabandalag Íslands.

EAPN á Íslandi fagnar framkomnu frumvarpi og telur margt í því vera réttarbót í þágu þeirra sem búa við fátækt og félagslega einangrun á Íslandi. Í könnun Hagstofu Íslands árið 2015 bjuggu 5% Íslendinga, eða rúmlega sextán þúsund manns, við skort á efnislegum gæðum.

Ákvæði laga um félagsþjónustu skipta miklu máli fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem búa við fátækt og félagslega einangrun.

Hér að neðan má sjá ábendingar okkar um frumvarpið.

3. gr. f. (8. gr.) Samráð fyrir notendur

Í frumvarpinu er kveðið á um að koma skal á notendasamráði. Eitt af meginmarkmiðum EAPN á Íslandi er að valdefla fólk sem býr við fátækt og félagslega einangrun og því fögnum við þessu nýja ákvæði um skýra skyldu sveitarfélaga til að eiga virkt samráð við notendur félagsþjónustunnar. Bæði hvað varðar ákvörðun um þjónustu og hvernig henni verður háttað en einnig um almenna stefnumörkun og áætlanagerð innan sveitarfélagsins. Lýsir EAPN sig tilbúið til að koma að samráðinu í góðu samstarfi við sveitarfélög. Gott samráð við notendur er ekki einfalt. Því leggjum við til að ráðherra verði skylt að setja leiðbeinandi reglur um hvernig haga skal samráðinu þannig að við bætist ný málsgrein:

„Ráðherra skal setja leiðbeinandi reglur um framkvæmd samráðs við notendur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og að fenginni umsögn hagsmunsamtaka.“

4. gr. Hæfni starfsmanna

Í 2. mgr. er lagt til að óheimilt verði að ráða í störf sem unnin eru í þágu þjónustu samkvæmt lögum þessum hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum, hvar sem hún er veitt, þá sem hafa hlotið refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. Kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Ef umsækjandi hefur hlotið dóm fyrir önnur ákvæðum almennra hegningarlaga skal

meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til gegna starfinu. Sama gildir einnig um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki og einstaklingum sem veita fötluðu fólki þjónustu.

EAPN á Íslandi hefur mikinn skilning á þessu ákvæði, þar sem alvarleg mál hafa komið upp vegna starfsmanna sem hafa hlotið dóma fyrir þessi brot. Við teljum þó rétt að skýra betur ákvæðið og benda á að hugsun réttarkerfisins á Íslandi er betrun. Á undanförunum árum hefur verið aukin áhersla á samfélagsþjónustu fanga og hafa aðildarfélög EAPN á Íslandi komið að þeim verkefnum.

12. gr. Húsnæði á vegum sveitarfélaga

Í greininni er lagt til að sveitastjórn verði skylt að setja reglur um meðferð umsókna um húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Einnig hvaða aðili tekur ákvörðun um úthlutun og uppsögn leigusamnings.

Þetta ákvæði er mikið framfaraskref. Mikill fjöldi hefur verið á biðlistum eftir félagslegum íbúðum sveitarfélaga. Í könnun Varasjóðs húsnæðismála frá 2016 var fjöldi umsækjenda 1613. Meginþorri umsóknanna var frá einstaklingum eða einstæðum foreldrum. Innan við 10% umsóknanna voru frá hjónum og sambúðarfólki. Um 70% umsækjenda voru á höfuðborgarsvæðinu. Biðtími var mjög langur eftir íbúðum, lengstur hjá 48 mánuðir hjá Hafnarfirði, 36 mánuðir hjá Reykjavíkurborg og Hveragerðisbæ og 30 mánuðir hjá Akureyrarkaupstað.

Vandinn við þessar niðurstöður könnunar Varasjóðs húsnæðismála er að engin leið er í reynd að bera saman upplýsingar um stöðu húsnæðismála í einstökum sveitarfélögum. Reglur eru mismunandi um hvernig er hægt að komast á biðlista eftir íbúðum og hvernig er úthlutað. Sum sveitarfélög bjóða upp á fjölbreytta flóru húsnæðisúrræða fyrir heimilislausa, aldraða, fatlað fólk og fólk í félagslegum vanda og taka virkan þátt í nýju almennu íbúðakerfi með veitingu stofnframlaga á meðan önnur sveitarfélög gera lítið sem ekki neitt í að stuðla húsnæðisöryggi þeirra sem búa við fátækt eða félagslega einangrun.

Tillagan í frumvarpinu yrði mikið framfaraskref. Við höfum þó áhyggjur að áfram verði mikill mismunur á milli sveitarfélaga. Því leggjum við til að við ákvæðið bætist ný málsgrein um skyldu ráðherra til að setja leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um meðferð umsókna um húsnæði á vegum sveitarfélagsins og birti árlega opinberlega skýrslu með samantekt um stöðu umsækjenda um félagslegt húsnæði hjá einstökum sveitarfélögum.

„Ráðherra skal setja leiðbeinandi reglur um meðferð sveitarfélaga á umsókn um húsnæði á vegum sveitarfélagsins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og að fenginni umsögn hagsmunsamntaka. Sveitarfélög skulu senda ráðherra sínar reglur ásamt upplýsingum um umsækjendur á biðlista árlega. Skal ráðherra birta árlega samantekt um stöðu umsækjenda um félagslegt húsnæði hjá einstökum sveitarfélögum.“

Lágmarksframfærsla

Í fyrstu grein laga um félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga kemur fram að markmiðið er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar.

Því er einn helsti gallinn við frumvarpið að ekkert er fjallað um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, sem er síðasta „stoppistöðin“ í velferðarkerfinu og er veitt þeim sem geta ekki framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Ákvæði um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna má finna í VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaganna og er það í höndum hvers sveitarfélags að ákveða reglur fjárhagsaðstoðarinnar.

Markmið fjárhagsaðstoðar er að styðja tímabundið við einstakling og fjölskyldu hans fjárhagslega með lágmarksframfærslu. Þannig má líta á að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem íslenska lágmarksframfærsluviðmiðið.

Hér eru nokkur dæmi um upphæðir fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum árið 2017 (Reykjavík 2018):

Reglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð¹ (1. janúar 2018).

- Einstaklingur 18 ára og eldri allt að 189.875 kr. á mánuði.
- Hjón/sambýlisfólk allt að 284.813 kr. á mánuði.

Reglur Kópavogs um fjárhagsaðstoð (frá 1. janúar 2017)²

- Einstaklingur 18 ára og eldri sem rekur eigið heimili 165.604 á mánuði.
- Hjón og sambúðarfólk 264.967 kr. á mánuði.

Reglur Hafnarfjarðar um fjárhagsaðstoð (frá 1. janúar 2017)³

- Einstaklingur 18 ára og eldri sem rekur eigið heimili 165.600 kr. á mánuði
- Hjón/sambúðarfólk 264.960 kr. á mánuði

Reglur Akureyrar um fjárhagsaðstoð (frá 1. janúar 2017)

- Einstaklingur 18 ára og eldri sem rekur eigið heimili 157.567 kr. á mánuði
- Hjón/sambúðarfólk 252.107 kr. á mánuði

Upphæðir geta verið mjög mismunandi, án sýnilegs rökstuðnings. Dæmi um þetta er að árið 2017 greiddi Reykjanesbær 141.633 kr. til einstaklings í fjárhagsaðstoð, Sandgerðisbær og Garður 153.672 kr., á meðan einstaklingur sem býr í sveitarfélaginu Vogum fær 136.836 kr. á mánuði í fjárhagsaðstoð.⁴ Allt eru þetta sveitarfélög á Suðurnesjum. Sandgerðisbær, Garður og Vogar mynda auk þess saman eitt félagsþjónustusvæði.⁵

Í reglum sveitarfélaganna virðist fjárhagsaðstoð ekki vera einstaklingsbundin þegar kemur að hjónum og sambúðarfólki.

Stuðningur við fjölskyldur barna sem búa við fátækt og félagslega einangrun virðist einnig vera mismunandi, hvort sem um er að ræða upphæðir eða hvað er talið til tekna. Sama má segja um frístundastyrkinn, sem getur skipt verulegu máli fyrir þátttöku barna í frístundum sem búa við fátækt og félagslega einangrun.

Erfitt er að sjá hvernig þetta getur staðist 65. gr. Stjórnarskrár Íslands þar sem segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ né 1. mgr. 76. gr. Stjórnarskrár Íslands þar sem segir: „Öllum,

¹ Fjárhagsaðstoð, Reykjavíkurborg, vefsíða 14. janúar 2018 <http://reykjavik.is/thjonusta/fjarhagsadstod>

² Fjárhagsaðstoð Kópavogsbæjar, vefsíða 14. janúar 2018 <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/velferd/felagslegur-studningur/fjarhagsadstod>

³ Fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar, vefsíða 14. janúar 2018 <https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/felagsleg-adstod/fjarhagsadstod/>

⁴ Vefsíða 14. janúar 2018

<http://ibuagatt.hafnarfjordur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=07636403680265430155&mee tingid=1708017F%20%20%20%20%20%20%20&filename=&cc=Document>

⁵ Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga, vefsíða 14. janúar 2018 <https://www.sandgerdi.is/felagsthjonusta/>

sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“

Í sk. öryrkjádómum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að einstaklingur, sem þess þarf, skuli eiga beinan og raunhæfan rétt til aðstoðar frá ríkinu og að sá réttur nýtur verndar Stjórnarskrárinnar. Þar er einnig bent á að dómstólar muni horfa til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Efast má um að lagaákvæði um skyldur sveitarfélaga til að tryggja framfærslu íbúa og setja reglur dugi til að tryggja öllum lágmarksrétt til aðstoðar.

Ekki sé hægt að vísa ábyrgð á sveitarfélögin.

Alþingi beri að setja lög sem kveði á um ákveðna lágmarksaðstoð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í dönskum lögum hefur verið farið sú leið að taka nákvæmlega fram í löggjöf þær upphæðir sem einstaklingar eiga rétt til grunnframfærslu og um aukna aðstoð vegna sérstakra aðstæðna sem sveitarfélög hafa frjálsari hendur um.⁶

EAPN á Íslandi skorar því á Alþingi til að setja skýrar reglur um lágmarksframfærslu svo mannréttindi fólks sem býr við fátækt og félagslega einangrun verði tryggð á Íslandi. Jafnframt verði settar reglur um skilgreind þátttökviðmið sem tryggja að samfélagið gefi öllum skýr skilaboð um að öllu fólki sé tryggt tækifæri til þátttöku og að búist sé við þátttöku allra í samræmi við tillögur í skýrslunni Farsæld. Baráttan gegn fátækt á Íslandi.⁷

Samhæfingaraðili máls

Að lokum viljum við benda á mikilvægi þess að tryggja þeim einstaklingum sem búa við mestan vanda sértæk úrræði. Í tillögum Velferðarvaktarinnar um aðgerðir gegn fátækt er lögð áhersla á gera þjónustu meira einstaklingsmiðaða með þverfaglegu samstarfi á milli velferðarþjónustu, menntakerfisins og þriðja geirans. Það yrði gert með því að einstaklingur eða fjölskylda sem fá fjölþætta þjónustu eigi sér samhæfingaraðila sem tryggi að samstarf og samþætting eigi sérstað milli ólíkra þjónustukerfa. Hann yrði ábyrgðaraðili máls viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu og myndi auðvelda að ná fram samfelldri þverfaglegri þjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem fást við heilsufarslegan og/eða félagslegan vanda.⁸

Virðingarfyllt

Fh. EAPN á Íslandi

Vilborg Oddsdóttir

Formaður

⁶ <https://skemman.is/bitstream/1946/4979/1/meistararitger%C3%B0.pdf>

⁷ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2013/02/28/Skyrsla-um-Farsaeld-og-barattu-gegn-fataekt-kynnt-i-velferdarraduneytinu/>

⁸ https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/velferdarvakt09/Skyrsla_Velferdarvaktar_Jan2015.pdf